

# HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

# JÖKULL

1152. tbl - 25. árg.

20. mars 2025



## Kirkjufellið næst fegurst í heimi



Kirkjufellið hefur lengi verið talið fallegt fjall sem trekkir að ferðamenn allstaðar að úr heiminum til að fá að bera fjallið augum og fanga það á filmu. Þar er engin breyting á og heldur Kirkjufellið áfram að vekja athygli á alþjóðavettvangi. Á ferðavefnum Original Travel hefur Kirkjufellið verið titill að sem næst fegursta fjall heims, á eftir Vinicunca í Perú. Á þessum lista er fjallið í hópi með náttúru-

undrum á borð við Matterhorn, Mount Fuji og Table Mountain. Original Travel gefur sig út fyrir sérsníðin ferðalög auk þess sem þau halda úti bloggi á vefsíðunni. Vefurinn nær til allt að 127 milljóna lesenda og annað sætið á þessum lista mikils virði fyrir bæði Grundarfjörð og Snæfellsnesið allt sem áningarstað ferðamanna.

SJ

## Jarðhiti getur jafnað leikinn

Nýr umhverfis-, orku og loftslagsráðherra kynnti fyrir stuttu átakið Jarðhiti jafnar leikinn. Með átakanu verður um einum milljarði króna varið í átak til leitar og nýtingu jarðhita á köldum svæðum á árunum 2025-2028. Markmiðið með átakanu eru að jafna stöðu heimila og fyrirtækja með lækkun húshitunarkostnaðar, að styðja við byggðapróun og verðmætasköpun og að draga út olíunotkun til hitunar og losun gróðurhúsalofttegunda. Styrkir verða meðal annars veittir til sveitarfélaga og getur styrkupp hæð fyrir hvert verkefni numið allt að tveimur þriðju af heildarkostnaði þess gegn mótframlagi umsækjanda.

Árangur í leit og nýtingu á jarðhita mun lækka húshitunarkostnað heimila á köldum svæð-

um, léttu kostnaði af fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum. Í samtali við Kristinn Jónsson bæjarstjóra Snæfellsbæjar kveðst hann vera ánægður með verkefnið sem mun vonandi hjálpa til við varmadæluvæðingu sveitarfélagsins.

JJ



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

# Sæbjörg í fyrsta sæti

Mín framtíð, íslandsmót iðn- og verkgreina fór fram í Laugardalshöll dagana 13. til 15. mars. Keppt er í 19 faggreinum og glíma keppendur við raunverulega og krefjandi verkefni sem kalla fram fjölbreytta hæfni, skapandi hugsun og framúrskarandi fagmennsku.

Á meðal keppenda í ár var Sæbjörg Jóhannesdóttir sem keppti í snyrtifræði en hún lauk iðnprófi í snyrtifræði frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í desember. Keppt var í fjórum greinum snyrtifræðinnar; andlitsmeðferð, nuddi, litun og plokkun og naglalökkun. Sæbjörg gerði meðferðirnar á mömmu sinni, Kristjönu Hermannsdóttir og hafði hún þrjár klukkustundir til að ljúka öllum verkþáttum. 15 þátt-

takendur voru skráðir til keppni í snyrtifræðinni og kom Sæbjörg Jóhannesdóttir út sem sigurvegari. Hún hlaut bikar, viðurkenningarskjál og fjöldan allan afvinningum frá ýmsum fyrirtækjum. Þar að auki getur sigur á Íslandsmótinu gefið möguleika á þátttöku í Euroskills í Evrópu sem fer fram í Herning í Danmörku 2025.

Annað sæti í snyrtifræðinni hreppti Þórey Lára Halldórsdóttir en hún er dóttir Brynhildar Ólu Elínardóttur, sóknarprestis í Staðarstaðarprestakalli í Staðar sveit.

Á myndinni hér til hliðar eru Þórey og Sæbjörg með viðurkenningarnar.

SJ



## Félagsmiðstöðin Afdrep stækkar



Unnið er að því að stækka húsnæðið sem hýsir félagsmiðstöðina Afdrep á Hellissandi. Starfsemin er nú í Líkn, þar sem björgunarsveitin Lífsbjörg var áður til húsa en starfsemi félagsmiðstöðvarinnar fluttist þangað fyrri hluta ársins 2021. Líknin hefur fjölmarga kosti og hentar skipulag hússins ágætlega fyrir fjölbreytta starfsemi félagsmið-

stöðvarinnar. Einungis hefur hálf húsnæðið verið nýtt undir rekstur félagsmiðstöðvarinnar en nú með þessari stækkun bætast um 80 fermetrar við og allt húsnæðið verður nýtt. Mikil aðsókn hefur verið í félagsmiðstöðina þar sem haldið er úti öflugu starfi svo þessi stækkun mun koma sér vel fyrir ungmennin í Snæfellsbæ.

SJ

# Hafkaup

www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

# JÖKULL

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



# Sumarstörf

Fjölbreytt og uppbyggileg sumarstörf fyrir ungmenni hjá Snæfellsbæ.

Snæfellsbær leitar að drífandi einstaklingum 18 ára og eldri til starfa við fjölbreytta og skemmtilega útivinnu í sumar sem hefur það að leiðarljósi að fegra umhverfi Snæfellsbæjar. Um er að ræða hvort tveggja almenna útivinnu við Áhaldahús Snæfellsbæjar og flokkstjórn vinnuskólahópa.

## Almennar kröfur fyrir sumurvinnu:

- 100% störf í þrjú mánuði, frá 15. maí 2025.
- Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri.
- Umsækjendur þurfa að vera duglegir, áhugasamir um útivinnu, tóbakslausir, sjálfstæðir og góðar fyrirmyndir.
- Dekking á staðhættum í sveitarfélaginu er æskileg.

## Umfram kröfur vegna flokkstjóra:

- Umsækjendur þurfa að vera færir um að stýra vinnuskólahópi og hafa áhuga á að vinna með og fræða ungmenni.
- Góð færni í íslensku.

Umsóknarfrestur er til 29. apríl 2025. Ekki er tekið við umsóknum að umsóknarfresti liðnum. Umsóknir berist í gegnum ráðningarvef Snæfellsbæjar á [snb.is](http://snb.is).



# Hvað er með ásum í Grunnskóla Snæfellsbæjar

Grunnskóli Snæfellsbæjar tekur þátt í fræðslu og listsköpunarverki byggt á norrænu goðafræðinni í samvinnu við Árnastofnun. Tílefnið er opnun nýrrar handritasýningar Heimur í orðum í Eddu. Goðin eru nálæg veruleika barna í dag vegna tölvuleikja og bíómynda en í þessu verkefni er leitast við að virkja þau sjálf, ímyndunarafl þeirra og sköpunarkraft – tengja við handritin – sjálfa uppsprettuna.

Árnastofnun fékk styrk úr Barnameningarstjóði fyrir verkefnið og er það unnið í samvinnu við skóla um allt; Grunnskóla Drangsness, Grunnskóla Hólmavíkur, Grunnskóla Snæfellsbæjar, Nesskóla Neskaupstað, Vesturbæjarskóla, Hraunvallaskóla og Myndlistaskólann í Reykjavík. Í hverjum skóla eru kennarar sem hafa unnið með þeim Ingibjörgu Þórisdóttur og Mörtu Guðrúnu Jóhannesdóttur að því að miðla handritaárinum



til nemenda sinna og vinna úr því fjölbreytta efni sem handritin hafa að geyma.

Nemendur í 3.-4.bekk hafa unnið undanfarnar viku með umsjónarkennurum sínum, Adelu og Kristínu Helgu ásam Ingu myndmenntakennar að norrænu goðafræðinni og var foreldrum og foráðamönnum boðið í heimsókn til að skoða afrakstur ver-

kefnisins. Föstudaginn 21.mars á handritunum fyrir nemendur eigum við svo von á safnkennar í 3.-6. bekk frá Árnastofnun með kynningu



## Fólksfjölgun á Snæfellsnesi

Mannfjöldi á Íslandi var 389.444 þann 1. janúar 2025 samkvæmt nýju mati Hagstofu Íslands og hafði íbúum fjölgað um 5.718 frá 1. janúar 2024 eða um 1,5%. Alls voru 199.622 karlar, 189.623 konur og 199 kynsegin/annað búsett á landinu í upphafi ársins og fjölgaði körlum um 1.6% frá fyrra ári, konum um 1,4% og kynsegin/öðru um 25,2%. Hlutfallsleg fólksfjölgun var mest á Suðurlandi þar sem fjölgaði um 3,5% á síðasta

ári og á Vesturlandi en þar var fjölgunin 2,0% milli ára. Einungis fækkaði íbúum í 9 sveitarfélögum af þeim 62 sem eru á Íslandi.

Í Snæfellsbæ var 3,2% fjölgun á íbúum, 1,5% í Stykkishólmi, 0,8% í Eyja- og Miklaholtshreppi og í Grundarfirði var fjölgunin 0,6%. Í

meðfylgjandi töflu sést hver íbúafjöldi sveitarfélaganna var í byrjun árs 2025 og hvernig íbúafjöldi hefur þróast frá 2015. SJ


		2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
		Alls	Alls	Alls	Alls	Alls	Alls	Alls	Alls	Alls	Alls	Alls
Grundarfjarðarbær	Alls	876	879	850	853	842	841	833	807	827	821	826
Eyja- og Miklaholtshreppur	Alls	140	133	120	124	117	123	113	100	112	123	124
Snæfellsbær	Alls	1.654	1.626	1.611	1.631	1.646	1.628	1.627	1.607	1.632	1.617	1.669
Sveitarfélagið Stykkishólmur	Alls	1.151	1.158	1.200	1.215	1.243	1.242	1.228	1.252	1.264	1.266	1.285

# Fundur með ráðherrum

Sveitarstjórar og bæjarstjórar af Vesturlandi ásamt framkvæmdastjóra og formanni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi hittu Krístrúnu Frostadóttir, forsætisráðherra, og Eyjólf Ármannsson, innviðaráðherra, í Stjórnarráðinu morguninn 10. mars síðastliðinn. Daði Már Kristófersson, fjármálaráðherra var einnig boðaður á fundinn en forfallaðist. Til efni fundarins var að fylgja eftir bréfi sem hópurinn sendi oddvitum ríkisstjórnarinnar í lok febrúarmánaðar. Líkt og var fjallað um í Jökli var bréfið skrifað til að vekja athygli á bágbornu ástandi vegamála í landshlutanum og var óskað eftir að skipaður yrði viðbragðshópur til að tryggja öryggi vegfarenda svo ekki hljótist skaði á fólki og verðmætum og truflun á atvinnu- og mannlífi. Á fundinum var farið yfir ástand vega á Vesturlandi, bráðaáðgerðir sem verða að eiga sér stað á þessu ári



og breytingar á samgönguáætlun sem eru nauðsynlegar en er ekki gert ráð fyrir í nýframkvæmdum ársins. Ríkisstjórnin var meðvit- uð um ástandið en engin eigin- leg svör fengust á þessum fundi. SJ



**FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

**Pétur Kristinsson hdl.**  
löggtíur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



**FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)





## Laufey Brá flyst í Fossvogsprestakall


Laufey Brá Jónsdóttir, sóknarprestur í Setbergsprestakalli hefur verið ráðin prestur við þjónustu Fossvogsprestakalls í Reykjavík-urprófastsdæmi vestra. Laufey vígðist 10. desember 2023 sem sóknarprestur í Setbergsprestakalli og var innsetningarmessan í Grundarfjarðarkirkju þann 18. febrúar 2024. Laufey Brá hefur haldið úti öflugum kirkjustarfi í Grundarfirði síðasta árið og þá sérstaklega þegar kemur að barnaguðþjónustu. Hún hefur tekið þátt í að sameina börn og

fulloröna úr sóknunum á Snæfellsnesinu í barna- og kirkjustarfi með auknu samstarfi og samvinnu á milli prestakalla. Laufey Brá er með guðfræðimenntun og er nú að ljúka diplómanámi í sál-gæslu því til viðbótar. Samkvæmt auglýsingu Þjóðkirkjunnar á starfinu í Fossvogsprestakalli er miðað við að Laufey Brá hefji störf þar 1. maí en ekki hefur verið auglýst eftir nýjum sóknarpresti í Setbergsprestakall ennþá. SJ



 Jökull Bæjarblað

 [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)

 436 1617

# Góugleði Gleym mér ei

Góugleði Kvenfélagsins Gleym mér ei í Grundarfirði var haldið í Samkomuhúsinu í Grundarfirði 15. mars síðastliðinn en félagið heldur slíkan viðburð annað hvert ár til styrktar góðu málefni. Þemað í ár var glimmer og demantar og glitraði allt í samræmi við það, bæði konur og salurinn. Kvenfélagið bauð upp á rútuferðir frá Hellissandi, Rífi, Ólafsvík og Stykkishólmi. Kaffi 59 sá um matinn á Góugleðinni, Sólveig Ásta var veislustjóri og Einar Höllu hélt uppi stuðinu sem trúbador. Happraðtið var á sínum stað og rann allur ágóði af því óskertur til Skíðasvæðis Snæfellsness en samtals safnaðist 1.200.000.

Konur skemmtu sér stórkostlega í góðri stemningu og frábærum félagsskap.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Ingjaldshólskirkja – sunnudaginn 23. mars kl. 18:00  
Guðsþjónusta á léttum og fjölskylduvænum nótum

## Súpa og sálmar

Velkomin öll og alltaf



## Tannvernd í leikskólanum

Á hverju ári standa Embætti landlæknis og Tannlæknafélag Íslands fyrir tannverndarviku með þeim skilaboðum til landsmanna að huga betur að tannheilsunni og leggja enn meiri áherslu á

góða tannhirðu. Tannverndarvikun stendur nú yfir en alþjóðlegi tannverndardagurinn er 20. mars. Í tilefni af tannverndarvikunni fór tannlæknirinn Ari Bjarnason í heimsókn í leikskóla Snæfellsbæj-

ar og átti samtal við börnin um góða tannhirðu. Börnin fengu að tannbursta bangsa á meðan heimsókninni stóð en fengu einnig fræðslu um hvað væri hollt fyrir tennurnar og hvað væri óhollt.

JJ



# Fyrsti heimaleikurinn, fyrsti sigurinn



Víkingur tók á móti Árborg í Lengjubíkar karla, 2. riðli b deildar laugardaginn 15. mars. Það er

ekki sjálfsgat að geta spilað leiki úti á þessum árstíma en með tilkomu gervigrassins getur aðeins

veðrið komið í veg fyrir að Víkingar geti boðið heim. Þennan laugardaginn var blíðskaparveð-


ur með örhlítilli úrkomu og því vel hægt að spila á Ólafsvíkuvelli.

Leikurinn fór vel af stað en strax á 9. mínútu skoraði Brynjar Vilhjálmsson í mark andstæðinganna og kom heimamönnum yfir. Það var svo á 50. mínútu sem Asmer Begic bætti öðru við og Víkingar þá með yfirhöndina, 2-0. Á 54. mínútu skoruðu andstæðingarnir svo staðan var orðin 2-1 og kláraðist leikurinn þannig.

Þetta var fyrsti sigurleikur Víkinga í Lengjubíkarnum en það er greinilegt að liðið sé að komast í gang.

Næstu leikur liðsins er á Ólafsvíkuvelli laugardaginn 22. mars og taka þeir þá á móti Augnablik frá Kópavogi.

SJ

 Krabbameinsfélag Snæfellsness  
Við erum hér fyrir þig!

Aðalfundur Krabbameinsfélags Snæfellsness verður haldinn í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík fimmtudaginn 20. mars kl. 20:00

Dagskrá:

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Þorbergur Bæringsson segir okkur frá sinni reynslu, hvernig það er að greinast með krabbamein
- Önnur mál

Öll velkomin!  
Léttar veitingar í boði

## Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

## Optical studio heimsótti Snæfellsnes

Starfsfólk Optical Studio mætti til Grundarfjarðar fimmtudaginn 14. mars með fullbúna gleraugnaverslun. Gleraugnaverslunin settu þau upp í Samkomuhúsi Grundarfjarðar þar sem þau buðu uppá heilmikið úrval af gleraugum og sjónmælingar. Optical Studio hefur starfar í 40 ár og á þeim tíma hefur verslunin eignast fjölda viðskiptavina um allt land. Síð-

ustu ár hafa þau unnið að því að færa þjónustuna nær landsbyggðinni en í fyrra settu þau sambærilega verslun upp í Vestmannaeyjum. Fjölmarginir lögðu leið sína í Samkomuhúsið þennan dag til að láta athuga með sjónina og velja sér gleraugu en aðsóknin var svo mikil að uppselt var í sjónmælinguna.

SJ



# Skólastjóri

Snæfellsbær óskar eftir að ráða skólastjóra við Grunnskóla Snæfellsbæjar. Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi skólans, rekstri og mannauðsmálum. Hann gegnir lykilhlutverki í mótun skólastarfsins og í samstarfi skóla og samfélags. Leitað er að lausnamiðuðum leiðtoga með metnað og einlægan áhuga á framþróun í skólastarfi.

## Helstu verkefni:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Fagleg forysta skólans um þróun náms og kennslu og farsæld nemenda
- Ábyrgð á framþróun í skólastarfi
- Hafa forystu um og styðja samstarf í samræmi við farsældarlög
- Fjármál og rekstur
- Leiða samstarf starfsfólks, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Samstarf við skólanefnd, bæjarstjóra og bæjarstjórn

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræðum er æskileg
- Farsæl reynsla af rekstri, stjórnun og skólaþróun er æskileg
- Framúrskarandi hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Leiðtogafærni, metnaður og styrkur til ákvarðana
- Þekking á þeim lögum, reglugerðum og öðrum opinberum fyrirmælum sem varðar skólastarf
- Þekking á möguleikum og takmörkunum stafrænnar tækni í skólastarfi
- Skipulagshæfni og góð yfirsýn
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Í Grunnskóla Snæfellsbæjar eru um 220 nemendur. Starfstöðvar skólans eru þrjár; Hellissandur 1. - 4. bekkur, Ólafsvík 5. - 10. bekkur og Lýsuhólsskóli 1. - 10. bekkur en þar er einnig rekin leikskóladeild.

Áttahagafræði er ein af meginstoðum skólans þar sem nemendur í 1.-10. bekk læra að þekkja nærumhverfi sitt, sögu, náttúru og staðhætti og geri sér líka grein fyrir möguleikum þar til framtíðar. Skólinn hlaut Íslensku menntaverðlaun árið 2022.

Snæfellsbær mun verða viðkomandi innan handar við að útvega íbúðarhúsnæði ef á þarf að halda.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Umsóknarfrestur er til 31. mars nk.

Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is

